

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Women Political Leaders Global Forum Foundation.

#### 1. gr.

##### *Heiti.*

Sjálfseignarstofnunin heitir Women Political Leaders Global Forum Foundation (WPL) og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

#### 2. gr.

##### *Heimilisfang.*

Heimilisfang stofnunarinnar er í Reykjavík.

#### 3. gr.

##### *Markmið.*

Markmið stofnunarinnar er að ýta undir þátttöku kvenna í lýðræðislegum skoðanamótandi ferlum og efla þátttöku þeirra í þjóðþingum, þá sérstaklega í þróunarríkjum. Stofnunin er alþjóðleg samtök kvenþingmanna þjóðþinga. Stofnunin er sjálfstæð, alþjóðleg og þverpólitísk samtök, stofnuð í þeim tilgangi að stuðla að framþróun samfélagsins með því að byggja stuðningsnet milli kvenþingmanna heimsins. Stofnunin er ekki rekin í gróðaskyni og er með aðsetur í Reykjavík

Ráðstafa skal fjármunum stofnunarinnar í samræmi við tilgang hennar, t.a.m. með styrkjum og ráðstefnuhöldum. Aldrei má ráðstafa meira fé en stofnunin aflar hverju sinni.

#### 4. gr.

##### *Stofnandi.*

Stofnandi stofnunarinnar er Silvana Koch Mehrin.

#### 5. gr.

##### *Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.155.000 sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

#### 6. gr.

##### *Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Fyrstu stjórn stofnunarinnar skipa Silvana Koch Mehrin sem formaður, Hanna Birna Kristjánsdóttir, kt. 121066-5139 og Stephanie Michel, en eftirleiðis mun fráfaramandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórnarmenn fá engar greiðslur fyrir störf sín. Þeir eiga þó rétt á endurgreiðslu útgjalda vegna starfa sinna í þágu stofnunarinnar.

## 7. gr.

*Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 10. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

## 12. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 18. apríl 2017,*

**Björn Hrafnkelsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrímsdóttir.*